

74
7. des.

REGLUGJÖRÐ

um

umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

Samkvæmt lögum nr. 12, 20. júní 1923 um einkaleyfi, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði er fara ber eftir við umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa:

1. gr.

Hver sá, sem vill öðlast einkaleyfi á Íslandi fyrir uppgötvun, skal afhenda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skriflega umsókn um einkaleyfið, eða senda því hana í borguðu brjefi.

2. gr.

Umsókn um einkaleyfi skal vera tvírituð, dagsett og undirrituð af umsækjanda. Hún skal innihalda það, sem hjer segir:

1. Beiðni um, að einkaleyfi verði veitt fyrir ákveðinni uppgötvun og skal aðalefni uppgötvunarinnar tilgreint stutt og skilmerkilega í nafni hennar, er í einkaleyfinu á að standa. Í beiðninni eða fylgiskjölum með henni má ekki viðhafa tilbúin nöfn á uppgötvuninni.

2. Fult nafn umsækjanda, stöðu og glögt heimilisfang. Sje umsækjandi ekki sjálfur uppgötvarinn, ber honum að segja til, hver uppgötvari er, og leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

3. Yfirlýsing um það, hvort beiðst hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veittir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefir verið beiðst, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrir en umsækjandi hefir gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðst í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni, og lætur það þá framkvæma hana fyrir 75 krónur, er umsækjanda ber að senda því með beiðninni. Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

4. Skrá yfir fylgiskjöl með umsókninni.

Ef umsækjandi óskar kvittunar fyrir að umsóknin sje komin í hendur ráðuneytinu, verður hann að senda eyðublað með henni í því skyni.

3. gr.

Hverri umsókn um einkaleyfi skal fylgja það sem hjer segir:

1. Lýsing á uppgötvun þeirri, sem sótt er um einkaleyfi fyrir, tvírituð.

Lýsingin verður að vera svo skýr og fullkomin, að þeir sem þekkingu hafa á því atriði, sem uppgötvunin fjallar um, geti framleitt og notfært sjer hana. Þó mega ekki vera í henni skýringar, er lýsa uppgötvuninni nánar en nauðsynlegt er til að skilja hana. Forðast skal að skrumfrægja uppgötvunina í lýsingunni.

74
7. des.

Í lok lýsingarinnar skal standa ótvírað yfirlýsing um það, hvað umsækjandi telur vera uppgötvunina og vill fá verndað með einkaleyfi (einkaleyfiskrafa).

Þegar umræðir mæli eða vog í lýsingu, skal nota metrakerfið og hitastig skulu talin eftir Celsius-mæli.

Lýsingin sje vjelrituð, eða rituð með mjög greinilegri rithönd. Einstök blöð eiga að vera samtengd.

2. Uppdráttur, ef hans þarf til þess að lýsing uppgötvunarinnar skiljist, í tveim eintökum.

Fyrirmyndir, sýnishorn o. þ. h. þarf ekki að senda fyr en það hefir komið í ljós við meðferð umsóknarinnar, að það sje nauðsynlegt.

Uppdrættir eiga að vera greinilegir og haldgóðir og þannig gerðir, að á þeim sjáist allir þeir einstöku hlutar úr uppgötvunarheildinni, sem drepíð er á í lýsingunni, og skulu þeir táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum í lýsingu og uppdraetti. Uppdrættirnir skulu vera handdregnir, steinprentaðir eða prentaðir og skal undir þá nota blöð, sem sjeu 33 cm. á hæð og 21 cm. á breidd, eða margföldun af 21 cm. og skulu þeir vera innan takmarkalínu, sem sje 2 cm. frá rönd blaðsins. Þeir skulu gerðir með kolsvörtum línunum og vera annars ólitaðir. Annað eintakið skal dregið á sterkan, hvítan, sljettan pappír, en hitt vera eftirmynd, dregin á gagnsætt ljereft (kalkerljereft). Nafn umsækjanda eða umboðsmanns hans skal setja á uppdrauttinn neðst í hornið hægra megin.

3. Umboð, ef umsækjandi sjálfur hefir ekki undirskrifað umsóknarbrjef það, sem um ræðir í 2. gr.

4. Yfirlýsing umsækjanda um það, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, sem varða hið íslenska einkaleyfi og skuldbindi sig til að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í öllum slíkum málum. Sje umboð sent, er rjett að láta þessa yfirlýsingu koma fram í umboðinu, í stað þess að senda hana sjerstaka.

5. Tuttugu króna gjald upp í auglýsingakostnað.

Sje umsókn um einkaleyfi ekki á íslensku, ber umsækjanda enn fremur að senda ráðuneytinu 20 krónur fyrir þýðingu af umsókninni, sem það þá lætur gjöra. Enn fremur getur ráðuneytið, ef því þykir þess þörf, krafist þess, að umsækjandi afhendi þýðingu á íslensku af þeim fylgiskjölum, er umsókninni fylgja, og því eru send á erlendum tungumálum.

74

4. gr.

7. des.

Ráðuneytið skal á hverja umsókn um einkaleyfi, sem því berst, rita hvaða dag og stund því barst umsóknin.

5. gr.

Lögskipað gjald fyrir einkaleyfi skal greiða, þegar einkaleyfið hefir verið veitt, fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans. Gjald fyrir hin næstu fimm ár skal í síðasta lagi greitt þann dag sem fimm ár eru liðin frá þeim degi, er einkaleyfið var veitt, en fyrir síðustu fimm ár einkaleyfistímans þá er tíu ár eru liðin frá veitingardegi einkaleyfisins. Ráðuneytið getur þó leyft að greiða gjöld þessi síðar, en þó skulu þau greidd áður en 6 mánuðir sjeu liðnir frá ofangreindum gjalddögum og skal þá gjaldið hækkað um einn fimta hluta. Sje gjaldið ekki greitt á fyrnefndum gjalddögum, tilkynnir ráðuneytið einkaleyfishafa það í ábyrgðarbrjefi, en sje það ekki greitt áður en síðast-nefndur frestur er útrunninn, fellur einkaleyfið úr gildi.

6. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrána eftir að einkaleyfi hefir verið inn-ritað, svo sem breytingar, er snerta einkaleyfishafa sjálfan eða umboðsmann hans, greiðist 10 króna gjald.

Fyrir staðfesta útskrift úr einkaleyfaskránni greiðist 5 króna gjald, fyrir endurrit af einkaleyfisumsókn eða fylgiskjölum greiðast 3 krónur fyrir hvert skjal, þó aldrei minna en 2 krónur fyrir hverja vjelritaða síðu í arkarbroti.

7. gr.

Einkaleyfisbrjef eru gjörð eftir þessari fyrirmynd:

KONUNGRÍKIÐ ÍSLAND

E i n k a l e y f i (skjaldarmerkið) n ú m e r

Atvinnumálaráðuneytið gjörir kunnugt:

Samkvæmt lögum nr. 12, 20. júní 1923 hefur ráðuneytið veitt N. N. (nafn, staða, heimilisfang) einkaleyfi á í samræmi við lýsingu þá, sem fest er við þetta brjef.

Uppgötvunin er vernduð frá (þeim degi er einkaleyfisumsóknin var borin upp) með þeim takmörkunum sem settar eru í 6. gr. tjeðralaga. Einkaleyfistíminn telst frá dagsetningu leyfisbrjefs þessa. Einkaleyfið fellur niður, ef gjöld þau, sem ákveðin eru í 7. gr. tjeðra laga eru eigi greidd í tæka tíð samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um greiðslu þeirra.

Reykjavík,

Undirskrift.

8. gr.

74

7. des.

Einkaleyfaskrá sá, sem ráðuneytið heldur samkvæmt 18. gr. einkaleyfagagnanna og um ræðir í 6. gr. hjer að framan er þannig gjörð, að í henni eru dálkar, þar sem rituð er eftirfarandi skilgreining á hverju veittu einkaleyfi:

1. Númer einkaleyfisins á einkaleyfaskránni, aðalefni leyfisins, tilvísun til veitts aukaleyfis, eða ef sjálft einkaleyfið er aukaleyfi, tilvísun til þess, hvaða nr. frumleyfið hafi á einkaleyfaskrá.
2. Nafn einkaleyfishafa, staða og heimilisfang.
3. Nafn umboðsmanns einkaleyfishafa, staða og heimilisfang.
4. Dagur sá, er einkaleyfisumsóknin var borin upp.
5. Dagur, er einkaleyfið var veitt og innritað í einkaleyfaskrána.
6. Dagur, er einkaleyfið fjell úr gildi og ástæða til þess.
7. Hvenær einkaleyfagjöldin sju greidd og upphæð þeirra.
8. Athugasemdir.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1924 og birtist hjer með til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. des. 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Huldu Árnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. desember 1923. Skipulagsskráin er þannig: **75**
10. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Huldu Árnadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Huldu Árnadóttur,“ og er hann stofnaður með 300 — þrjú hundruð — krónum af foreldrum og bróður Huldu Árnadóttur í Stóra-Dunhaga, sem er fædd 28. janúar 1906, dáin 6. júní 1922.